Eystrahorn

40. tbl. 38. árgangur | Fimmtudagurinn 12. nóvember 2020 | www.eystrahorn.is

Draumarnir rætast á tímum Covid:

Hvernig vísir að Jökla-og fjallasetri varð til

Löngu áður en Haukur Ingi og Berglind stofnuðu Glacier Adventure áttu þau sér draum.

Draumurinn var að opna lítið kaffihús og leiðsegja ferðamönnum um fjalllendi í nálægð við Hala í Suðursveit þar sem Berglind er fædd og uppalin. Haukur er fæddur í Reykjavík en alinn upp á Hornafirði. Þeim líður best úti í náttúrunni með börnunum sínum Tómasi Nóa, Arneyju og Steinþóri, fjölskyldu og vinum.

Draumurinn um lítið kaffihús og ferðaleiðsögn um fjalllendi Suðursveitar hefur síðan þróast í hugmynd um Jökla- og fjallasetur. Þau eru ákveðin í að láta drauminn rætast með því að koma á fót hringiðu af allskonar þar sem hægt verður að sækja fjölbreyttar ferðir á vegum Glacier Adventure, njóta veitinga, fræðast, halda ráðstefnur, setja upp sýningar, sinna rannsóknum, taka á móti skóla- og gönguhópum og halda námskeið svo eitthvað sé nefnt. Setrið verður staðsett í húsnæði sem Glacier Adventure hefur unnið að breytingum á undanfarin ár og samanstendur af Hlöðu, Mjaltarbási, Mjólkurhúsi og Fjósi sem foreldrar Berglindar ráku um áratuga skeið.

Berglind og Haukur eru heilluð af hugtakinu sjálfbærni, og telja það eitt af grundvallar hugtökum til að takast á við framtíðina á farsælan hátt. Berglind heillast af öllu sem viðkemur útikennslu og Haukur er mjög áhugasamur um allt sem viðkemur því að hámarka gæði heildarinnar til langs tíma. Með Jökla- og fjallasetrinu vonast þau til að koma sínum skilaboðum og hugsjónum til gesta sem vilja sækja setrið heim, njóta útivistar og fræðast um nær- og fjærsamfélagið á margvíslegan hátt. Það felast ákveðin tækifæri í því að lifa við rætur stærsta jökuls í Evrópu og vilja þau miðla reynslu sinni og þekkingu til allra þeirra sem vilja heimsækja Jökla- og fjallasetrið.

Um miðjan september kom skólahópur í ferð hjá Glacier Adventure frá SIT skiptinámi sem er skipulagt af Háskólasetri Vestfjarða. Skiptinámið heitir Loftslagsbreytingar á norðurslóðum og dvelja krakkarnir á Íslandi frá byrjun september fram í byrjun desember.

Ferðin í september dró heldur betur dilk á eftir sér, en þá lenti Haukur á spjalli við nemendurna og eitt leiddi af öðru. Einn nemandinn (Nick) sagði honum frá því að þau ættu að finna sér rannsóknarverkefni einhversstaðar á Íslandi að eigin vali og verkefnið tæki um 4 – 5 vikur. Haukur sagði Nick frá hugmyndinni að Jökla- og fjallasetrinu og að honum væri velkomið að nota aðstöðu og búnað Glacier Adventure til að vinna að verkefni sínu án endurgjalds. Hugmyndin var að gefa Glacier Adventure betri innsýn inn í hvort og hvernig setrið getur þjónað vísindamönnum sem hafa áhuga á að koma og sinna rannsóknum á svæðinu.

Við komuna lét Nick okkur vita að sjö aðrir nemendur vildu nýta sér aðstöðuna sem Glacier Adventure bauð til afnota. Það var kærkomið tækifæri að fá þennan hóp nemenda og fá sem víðtækasta reynslu að hugmyndinni um setrið.

Verkefnin sem krakkarnir vinna að eru mjög áhugaverð og verðmæt fyrir starfsemi Glacier Advenure, en með niðurstöðum þeirra verður hægt að fræða gesti félagsins um áhugaverðar rannsóknir sem gerðar hafa verið í Ríki Vatnajökuls.

Fyrir áhugasama munu nemendurnir kynna verkefni sín í Fjóshlöðunni í lok nóvember en þá verður áhugasömum boðið að koma og hlutsta á nemendurna að því gefnu að samkomutakmarkanir verði rýmkaðar.

Haukur Ingi og Berglind

Nemendahópurinn sem nýtir sér aðstöðu Glacier Adventure

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir hvern og einn nemanda og hvaða verkefni þau ákváðu að vinna að.

Owen Baley, er frá Concord, MA, USA. Hann stundar nám í efnafræði frá Bates Háskólanum. Owen ætlar að greina styrk snefilefna úr ösku sem fallið hefur á Breiðamerkurjökul og skolast út í Jökulsárlón.

Celine Nour Smith, er frá Beirut, Lebanon og stundar nám í Carleton Háskólanum í Northfield. Verkefnið hennar heitir, "Mögulegt berghrun úr Miðaftanstind í Breiðamerkurfjalli."

Lila Roginski, er frá Menlo Park, CA, USA. Hún stundar nám í umhverfisfræðum við Háskólann, California Santa Cruz. Meginverkefni þessarar rannsóknar er að rannsaka 5 stærstu fléttur sem finnast á jökulgörðum á Breiðamerkursandi, og bera kennsl á hvernig virkni fléttustofna innan svæðisins getur hjálpað til við að meta jökulhopun.

Nicolas Bakken-French, er frá San Franscisco, CA, USA. Hans aðalfag er umhverfisvísindi og stefnumótun, með jöklafræði sem aukafag frá Whittier Háskólanum. Nafnið á verkefninu hans er "Jökullón: hvað getur þróun og stækkun jökullóna við Suðaustanverðan Vatnajökli sagt okkur um fortíð, nútíð og framtíð jökla á Íslandi."

Julia Sokolowska, er frá Bielsko-Biala, Poland. Hún stundar nám við Wellesley Háskólann. Nafnið á verkefninu hennar er: "Hvernig ætlar Ísland að ná kolefnishlutleysi samgangna á landi."

Camille Row, er frá San Fransisco, CA, USA. Hennar námsbraut er Umhverfisfræði og skapandi skrif frá Háskólanum í Oregon. Verkefnið hennar heitir "Breiðamerkurjökull: Jarðvegsheilsa & framleiðni við Breiðamerkurjökul."

Koharu Aoki, er frá Tokyo Japan. Hún stundar nám við Umhverfisfræði og alþjóða stjórnmál frá Bates Háskólanum. Nafnið á verkefninu hennar er: "Að kanna andstæður er tengjast náttúrutengdri ferðaþjónustu: Hvernig á að jafna efnahagslegan ágóða og náttúruverndarviðleitni á svæðum eins og í Vatnajökulsþjóðgarði.

Dewi Henry, er frá Allentown, PA, USA. Hún stundar nám frá Bates Háskólann. Nafnið á hennar verkefni er "Tölfræðilegt líkan fyrir jafnvægi jökla."

Hægt verður að lesa nánar um hvert verkefni í greininni sem birtist á www.eystrahorn.is

YouTube

HAFNARKIRKJA

Sunnudaginn
15. nóvember kl. 11:00

Helgistund frá Brunnhólskirkju verður sýnd á netinu.
Við minnum á aðrar stundir á Youtube. Leitið eftir Hafnarkirkju á síðunni og finnið okkur þar.
Nánari upplýsingar á heimasíðunni og Facebook
www.bjarnanesprestakall.is

Prestarnir

Sigríður Sveinsdóttir Háls-nef og eyrnalæknir verður með stofu á heilsugæslustöðinni dagana
19. og 20. nóvember

Tímapantanir í síma 432-2900 virka daga milli kl. 9:00-15:00.

HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga

Laugardaginn 14.nóvember verður gönguferð að Sævarhólum í Suðursveit. Jökulvötnin gátu verið erfið og Sævarhólar fóru í eyði árið 1892 vegna vatnagangs og grjótfoks. Lagt verður af stað frá tjaldsvæðinu á Höfn kl.10:00 og kl.10:35 hittast þeir sem koma úr austri og vestri við minnismerkið um Jón Eiríksson konfersráð, á áningarstaðnum við Skálafell. Þaðan er ekið áleiðis að Sævarhólum, þangað til hæfilega löng leið verður eftir til að njóta sín á göngu. Þetta er sléttlent þannig að gangan ætti að vera á flestra færi. Þátttakendur verða sjálfir að koma sér að Skálafelli því nú má ekki sameinast í bíla, nema þeir sem búa á sama heimili. – Við munum að sjálfsögðu uppfylla gildandi reglur um sóttvarnir svo ef þátttakan verður góð, þurfum við að skipta okkur í hópa þar sem að hámarki 10 manns eru í hverjum hóp. Að venju er þátttökugjaldið kr. 1.000 fyrir einn, kr. 1.500 fyrir hjón og frítt fyrir 16 ára og yngri. Sé hundur í hópnum skal taumur vera til taks. Allir eru velkomnir, sjáumst á laugardaginn.

Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:..... HLS ehf.
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:. Tjörvi Óskarsson
Netfang: ..... tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes
Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson
Prentun: ..... Litlaprent
ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur velkomnir í hópinn.

HLS ehf.
Rnr. 0537-14-409068
Kt. 500210-2490

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIRÐINGA

FÉLAGAR

Kynnið ykkur viðbótarstuðning við aldraða á vef Tryggingastofnunar, *www.tr.is*.
Hittumst vonandi fljótlega
Förum varlega þangað til, sýnum þolinmæði, gerum þetta saman.

otto
VERSLUN

OPIÐ ALLA DAGA 14-18

Kaupmannshúsið, kjallari · Hafnarbraut 2
780 Höfn í Hornafirði

VÍKURBRAUT 25 HÖFN

Til sölu eru glæsilegar 3ja herbergja raðhúsíbúðir fyrir 60 ára+

Raðhúsið stendur á lóð þar sem að mikið og glæsilegt útsýni er yfir Hornafjörðinn og til jökla. Göngustígurinn meðfram strandlengjunni er við lóðarmörkin.

Íbúðirnar eru um 88 fermetrar auk um 5 fm útigeymslu. Húsin seljast fullbúin og nú þegar eru 2 íbúðir fráteknar

Áhugsamir hafið samband og við Snorra Snorrason lgf 895-2115 eða *snorri@valholl.is* til að fá nánari upplýsingar.

VALHÖLL FASTEIGNASALA
Sími: 588-4477 • www.valholl.is
Hornafjörður - Reykjavík - Snæfellsnes
Snorri Snorrason löggiltur fasteignasali
Sími: 478-2000 / 895-2115 • snorri@valholl.is

Snorri Snorrason
lögg. fasteignasali
Sími: 478-2000
GSM: 895-2115
snorri@valholl.is

Það styttist, það styttist í bjartari tíma

Áður en verulega fór að halla á í baráttunni við veiruna og tilmæli um að takmarka ferðalög um landið komu fram átti ég góða ferð frá Höfn í Hornafirði til höfuðborgarinnar. Það var ánægjuleg ferð og gaman að sjá þær miklu umbætur sem standa yfir eða eru í undirbúningi á hringveginum sem sker Suðurland. Það var líka einstaklega gaman að heimsækja þá sem bera hitann og þungann af framkvæmdunum á svæðinu. Maður er líka farinn að sakna þess verulega að geta ekki hitt fólk og spjallað um landsins gagn og nauðsynjar og veit ég að ég er ekki einn um það að þrá að geta notið mannlífs og menningar í okkar góða landi.

Tímabundið ástand

Suðurland hefur að mörgu leyti verið í fararbroddi þegar kemur að uppbyggingu metnaðarfullrar ferðaþjónustu á Íslandi síðustu ár. Höggið var því mikið þegar milljóna ferðamanna nýtur ekki lengur við. Maður verður reglulega að minna sig á að þetta sé tímabundið ástand og mikilvægt að aðgerðir ríkisstjórnarinnar séu markvissar og miði að því að vernda störf og skapa. Atvinnuleysi er eitur í beinum okkar Íslendinga og leggjum við í ríkisstjórninni allt kapp á að brúa það bil sem verður óhjákvæmilega þegar ferðaþjónusta í öllum heiminum er í frosti. En eins og það er víst að það vorar þá er víst að þegar tök nást á heimsfaraldrinum þá fjölgar gestakomum til Íslands enda hefur landið upp á mikið að bjóða, náttúruna, menninguna og þær góðu aðstæður sem framsýnt og metnaðarfullt fólk í ferðaþjónustu hefur byggt upp á síðustu árum og áratugum.

Stuðningur við sveitarfélög

Ég hef lagt mikla áherslu á gott samstarf við sveitarstjórnarstigið frá því ég settist í stól samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og þegar efnahagslegar afleiðingar faraldursins tóku að bíta hefur það samstarf og samvinna styrkst mjög. Hluti af því hefur verið viðamikil greiningarvinna á stöðu og horfum sveitarstjórnarstigsins en einnig beinar aðgerðir til að styðja við þau sveitarfélög sem hafa orðið fyrir mesta högginu. 250 milljónum var veitt í verkefni á Suðurnesjum þar sem ástandið er alvarlegast og 150 milljónum til sex sveitarfélaga, fimm á Suðurlandi auk Skútustaðahrepps fyrir norðan.

Verkefni sem búa okkur undir bjartari framtíð

Ráðstöfun þeirra fjármuna sem runnið hafa til fimm sveitarfélaga á Suðurlandi var ákveðin í góðu og gefandi samstarfi við sveitarfélögin sjálf, Bláskógabyggð, Mýrdalshrepp, Rangárþing

eystra, Skaftárhrepp og Sveitarfélagið Hornafjörð. Meðal átaksverkefnanna má nefna sérstakan stuðning við erlenda ríkisborgara, sögustíg í Vík, Errósetur á Kirkjubæjarklaustri, vinna með eldri borgurum í Bláskógabyggð, hönnun hjólreiðastíga og heilsueflandi samfélag í Rangarþingi eystra og atvinnuskapandi átaksverkefni og aðstaða fyrir störf án staðsetningar á Höfn í Hornafirði. Þessi verkefni öll og fleiri sem komin eru í gang koma ekki í staðinn fyrir ferðaþjónustuna en ég er sannfærður um að þau styrkja samfélögin og búa undir tímann þegar allt fer í gang að nýju. Og það er óhætt að segja að það styttist í það með hverjum degi sem líður.

Óhrædd og reynslunni ríkari

Ég er bjartsýnn að eðlisfari. Og síðustu mánuðir hafa styrkt þann eiginleika því ég hef fundið hjá þjóðinni samhug og kraft sem ég held að verði einstaklega gott veganesti inn í framtíðina. Við eigum nú mörg í minningabankanum gott íslenskt ferðasumar þar sem ég held að margir hafi kynnst landinu sínu, sumir í fyrsta sinn og aðrir kynnst því upp á nýtt. Með þessa reynslu sem faraldurinn hefur dembt yfir okkur munum við taka framtíðinni opnum örmum, óhrædd og reynslunni ríkari.

Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Kæru íbúar sveitarfélagsins

Ég vil með eftirfarandi orðum rekja sögu áforma bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar um þéttingu byggðar í innbæ, varpa ljósi á efni málsins og á viðbrögð meirihluta bæjarstjórnar við framkomnum mótmælum.

Tvö hundruð tuttugu og þrír íbúar sveitarfélagsins hafa undirritað skjal þar sem beðið er um að fyrirhugaðar framkvæmdir verði dregnar til baka. Áformin gera ráð fyrir byggingu 5 einbýlishúsa og eins raðhúss.

Við enda Silfurbrautar skulu vera tvö einbýli, við hliðina á húsi nr. 42. þessi hús yrðu staðsett í enda bæjarins, ofan í golfvellinum og í afar viðkvæmum jarðvegi.

Fyrir aftan bílskúra við raðhús Silfurbrautar er örlítil græn tunga þar er fyrirhugað að staðsetja raðhús. Það raðhús væri í engu samræmi við þá byggð sem fyrir er, húsið kæmi fyrir framan Silfurbraut nr 31 og næði nánast niður í fjöru. Þarna er ekkert pláss og jarðvegur viðkvæmur. Uppgröftur, þungaflutningar og hæð þess húss, myndi að öllum líkindum valda skemmdum á þeim eignum sem fyrir eru. Hér viljum við sjá göngu- og hjólreiðastíga.

Við Hvannabraut skal byggja hús sem er í framhaldi af þeirri götu, það hús er fyrirhugað nánast í bakgarði þeirra húsa sem standa við Silfurbraut. Þar eins og annars staðar er jarðvegurinn afar viðkvæmur. Öll viðlagasjóðshúsin eru byggð á staurum árið 1973. Við Hvannabraut stendur gistihús, af þeim ástæðum hafa íbúar götunnar óskað eftir að bílstæðum verði fjölgað. Við styðjum þá ósk heilshugar.

Tvö einbýlishús eru fyrirhuguð í beinu framhaldi af raðhúsi við Vesturbraut, þessi hús skulu staðsett á eina túninu sem eftir er við strandlengju sveitarfélagsins og snýr að víðáttu og fegurð jöklanna, ósk okkar er að þar verði áfram útivistarsvæði fyrir alla. Svæðið verði endurbætt með hliðsjón af þörfum íbúa og gesta. Mikill fjöldi barna er í hverfinu og okkur vantar sárlega þetta útivistarsvæði. Einnig er túnið í beinu göngufæri fyrir börn leikskólans og eldri borgara eftir göngustígum og engar umferðagötur liggja að túninu. Allar rannsóknir sýna að græn svæði og víðátta auka vellíðan og stuðla að góðri heilsu manna.

Bæjaryfirvöld hyggjast virða að vettugi vilja íbúa sem kemur m.a. fram í íbúakönnun frá 2019 um að umrætt tún sé eitt besta útivistarsvæði á Höfn. Vilja s.s. eyðileggja túnið fyrir tvö einbýlishús.

Meirihluti bæjarstjórnar hefur tæpast virt okkur mótmælendur svars. Í upphafi var okkur sagt að menn hefðu ekki þurft að fara í þetta samtal við íbúana, sú fullyrðingin reyndist ekki rétt og staðfest er hjá Skipulagsstofunun ríkisins að sú tilhögun var ekki samþykkt.

Tveir fundir hafa verið haldnir með okkur, annar í hálftíma, áður en afgreiða átti málið út úr bæjarstjórn og hinn í hádegi, daginn sem íbúafundur var síðan um málið. Á íbúafundinum var í löngu máli listað upp á vegg eitthvað sem var ekki í neinu samræmi við það sem við höfðum heyrt. Við vitum í dag að það var einungis verið að setja fram það sem kæmi málinu gegnum afgreiðslu Skipulagsstofunnar. Það hefur nú tekist og vonbrigði að skipulagsyfirvöld horfa einungis til formsins. Efnisleg umfjöllun virðist ekki skipta máli.

Í upphafi þessa máls var m.a. sagt að þessar framkvæmdir væru fyrirhugaðar vegna þess að blikur væru á lofti um að draga færi úr eftirspurn eftir byggingalóðum og þess vegna ekki ástæða til þess að taka ný svæði til skipulags. Það er ekkert sem bendir til þess. Í sveitarfélaginu er hátt atvinnustig, íbúum hefur fjölgað umfram það sem áætlað hefur verið og erum við nú um 2400. Í Lóni eru að hefjast framkvæmdir sem munu skapa fjölda mörg störf og afleidd störf. Fyrirhugað er bygging hótels með 75 herbergjum, 20 einbýlishús, 2 veitingastaðir, Spa, skógrækt, gróðurhús fyrir grænmetis- og ávaxtarækt. Hestaferðir, bátaferðir og gönguferðir svo eitthvað sé nefnt. Þessar framkvæmdir munu hafa í för með sér fjölmörg störf og afleidd störf og marga íbúa tengdum starfsmönnum. Hægt er að hlusta á viðtal við Jakop Frímann Magnússon sem tekið var nú 22. oktober 2020 í þættinum Bakpokinn inn á rúv.

Því hefur einnig verið haldið fram að þessar lóðir séu ódýr kostur, Við íbúar hverfisins höfum ítrekað beðið um útreikninga á þeirri fullyrðingu. Við höfum engin svör fengið.

Við höfum bent á að allar líkur séu á því, að lóðirnar verði dýrar bæði fyrir þá sem myndu byggja á þeim og einnig fyrir sveitarfélagið. Mjög vandasamt yrði að grunda hús á lóðunum vegna þess hversu blautur og kvikur jarðvegurinn er á svæðinu. Verulegar líkur eru á að rask á lóðunum myndi valda tjóni á húsum sem nú þegar standa á lóðum sem næst standa umræddum lóðum. Má í þessu sambandi vísa í minnisblað verkfræðings hjá Verkfræðistofunni Eflu þar sem fram kemur að ekkert vit er að fara í þessar framkvæmdir nema að athuguðu máli vegna jarðvegs þessa svæðis. Við þessu skal brugðist með því að bæta inn kvöðum á því hvernig væntanlegir húsbyggjendur byggi og að kostnaður jarðvegskannana lendi einnig á þeim. Það er ljóst að því fylgir mikill auka kostnaður. Við höfum síðan spurt hvort sveitarfélagið bæti hugsanlegan skaða á þeim eignum sem fyrir eru og höfum fengið það svar, að svo sé ekki, þrátt fyrir að í lögum sé ábyrgð sveitarfélagsins ótvíræð.

Við höfum líka bent á að okkur finnist furðulegt að fyrirhugað sé að fara í rótgróið hverfi fyrir nokkur hús með öllu því raski sem myndi fylgja þessum framkvæmdum, mikill uppgröftur og þungaflutningar. Bæjaryfirvöld hafa lýst yfir að sett verði mörk á byggingatíma umræddra húsa en slík mörk minnka í engu raskið og líklegar skemmdir. Nú eru menn farnir að tala um að bjóða út lóðir í litlum skömmtum. Er þá verið að tala um að bjóða út tvær eða fleiri lóðir í einu ? Hvað er þá með tímamörkin ? Það síðasta sem við heyrum nú ítrekað frá meirihluta bæjarstjórnar er að enginn sé að fara að byggja á þessum lóðum, til hvers er þá verið að reka þetta mál áfram ?

Að hér sé verið að tala um þéttingu byggðar vekur líka furðu því hér er fyrirhugað að byggja í enda bæjarins og með því er verið að færa byggð lengra frá allri þjónustu og inn að svæði golfvallarins. Golfklúbbur Hornafjarðar hefur sent frá sér greinagerð þar sem þessum framkvæmdum er mótmælt því ekkert pláss er fyrir þau þrjú hús sem ráðgerð eru og golfvöllurinn var skipulagður án þeirra. Bæjaryfirvöld hafa brugðist við ósk golfklúbbsins með því að taka út eitt þessara húsa, húsið við hlið Silfurbrautar nr 39, ósk golfklúbbsins nær til þriggja innstu húsanna.

Vegna alls þess sem rakið hefur verið hér, er óskiljanlegt að þetta mál er rekið áfram af miklum hraða og ákafa af hálfu meirihluta bæjarstjórnar. Það eru engin rök fyrir þessari vegferð og hún er í andstöðu við vilja mikils meirihluta íbúa hverfisins. það er ekki spurning að öll áhersla ætti að vera á að skipuleggja stór svæði fyrir nýja íbúabyggð.

Nú, á þessum fordæmalausu tímum eru sveitarfélög landsins með áherslu á að hrinda í gang stórum verkefnum til að skapa störf.

Sveitarfélagið Hornafjörður er með þá opinberu yfirlýsingu að vera heilsueflandi samfélag. Einnig var nýlega skrifað undir samning við Sameinuðu þjóðirnar um barnvænt samfélag. Okkar áhersla á að vera að vernda þessi litlu grænu svæði sem eftir eru í hverfinu, fyrir börn og fullorðna til að njóta. Fyrir kosningar var það einnig yfirlýsing núverandi forseta bæjarstjórnar og eins fulltrúa framsóknarmanna í bæjarstjórn að vanda til verka hvað það varðar að eiga samtal við íbúa sveitarfélagsins og að vernda grænu svæðin. Ég hef alls ekki mætt þeirri framkomu eða áherslu hvað varðar þetta mál. Mér finnst málarekstur meirihluta bæjarstjórnar einkennast af útúrsnúningum og niðurlægjandi hæðni.

Í dag stendur málið þannig að fyrirliggjandi er breytt aðalskipulag og tilheyrandi breytt deiliskipulag. Aðdragandinn að þessu var sá að Framsóknarflokkurinn með fjögur atkvæði samþykkti að halda áfram með fyrirhugaðar framkvæmdir. Sjálfstæðisflokkurinn með tvö atkvæði sat hjá og 3. Framboðið með eitt atkvæði sagði nei við fyrirhuguðum framkvæmdum. Hægt er að horfa á þennan Bæjarstjórnarfund og sjá hvernig menn gera grein fyrir afstöðu sinni inná youtube.

Bestu kveðjur og er einlæg ósk mín að sem flestir láti sig málið varða.

Sveinbjörg Jónsdóttir íbúi í innbænum og sveitarfélaginu.

Frumherji

Bifreiðaskoðun á Höfn
16., 17. og 18. nóvember.
Tímapantanir í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 13. nóvember.
Síðasta skoðun ársins.

Frumherji

Þegar vel er skoðað

Nú fást **Volare** vörurnar hjá Flikk hárgreiðslustofu.

Náttúrulegar húð- og heilsuvörur

Volare

flikk

Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG Sveitarfélagið Hornafjörður

Styrkumsóknir fyrir árið 2021

Þeir sem vilja senda inn styrkumsókn vegna viðburða eða reksturs félagsamtaka þurfa að skila umsóknum fyrir 6. desember nk.

Styrkumsókn þarf að fylgja greinargerð eða ársreikningar/uppgjör fyrir síðasta fjárhagsár, og upplýsingar um fyrirhugaða nýtingu styrks og starfsemi styrkumsækjanda á liðnu ári.

Styrkumsóknir eru aðgengilegar á íbúagátt sveitarfélagsins *http://ibuagatt.hornafjordur.is*, þar er hægt að fylla út eyðublöð og hlaða inn viðhengjum með umsókn, einnig er hægt að senda umsókn til afgreiðslu sveitarfélagsins á *afgreidsla@hornafjordur.is*.

Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

13.nóvember 2020- Zoom fjarfundur- kl. 11:00- 12:40

MÁLSTOFA UM SJÁLFBÆRNI Í FERÐAÞJÓNSTU

Sustain it

SKRÁNING: WWW.HAC.IS/NAMSKEIDSLISTI/

Dagskrá:

Kynning á SUSTAIN IT verkefninu
Rannveig Ólafsdóttir, prófessor í ferðamálafræðum við HÍ
Kynning frá ferðaþjónustuaðila Höfn í Hornafirði
Kynning frá ferðaþjónustuaðila í Mývatnssveit
Snjólaug Ólafsdóttir, sjálfbærni ráðgjafi hjá Andrými sjálfbærnisetri

Þekkingarnet Þingeyinga

NÝHEIMAR ÞEKKINGARSETUR

Erasmus+

Þetta verkefni er unnið með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB.

Kuldaboli er kominn á kreik

K2 kuldagalli EN471 CL.3

Vattfóðraður kuldagalli með cordura efni á álagsflötum. Með rennilás á skálmum. Hægt að taka hettuna af.

Litur: Gulur. Stærðir: XS–5XL.

Vnr. 9616 K2 2009

Dimex kuldagalli

Vattfóðraður kuldagalli með renndum brjóstvösum.

Litur: Svartur. Stærðir: S–3XL.

Vnr. 9609 648

Olympia ullarbolur

Langerma ullarbolur með kraga og rennilás úr merinóull.

Litur: Svartur. Stærðir: S–2XL.

Vnr. A546 JSB517-16

Olympia föðurland úr ull

Föðurland úr merinóull. Ekki með klauf.

Litur: Svartur. Stærðir: S–2XL.

A546 JSB517-21

Leðurhanskar

Fóðraðir Tegera leðurhanskar með riflás.

Litur: Ljós. Stærðir: 9, 10, 11.

Vnr. 9640 335

Vettlingar

Hlýir Showa 451 vettlingar með góðu gripi. Ca 25 cm háir.

Vnr. 9658 451

Lambhúshetta

Lambhúshetta úr flísefni, fóðruð með bómull.

Ein stærð.

Vnr. A421 2

Dimex húfa

Dimex prjónahúfa.

Litur: Dökkgrár. Ein stærð.

Vnr. 9609 4260+

Verslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • **Blönduós** s. 440 1339 • **Húsavík** s. 440 1448
Höfn s. 478 1940 • **Ísafjörður** s. 456 3574 • **Klettagarðar** s. 440 1330
Ólafsvík s. 436 1581 • **Patreksfjörður** s. 456 1245 • **Reyðarfjörður** s. 474 1293
Reykjanesbær s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127

440 1000 **n1.is**

N1 ALLA LEIÐ